

Þriðjudaginn 25. júní 1991.

Nr. 225/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Rúnari Ingva Eiríkssyni.

Kærumál. Bifreiðar. Dómsátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 31. maí 1991. Krefst hann þess, að dómsátt, sem varnaraðili gekkst undir í sakadómi Akureyrar 24. maí 1991, verði úr gildi felld.

Í þinghaldi í sakadómi Akureyrar 11. júní 1991 var varnaraðila kynnt framangreind krafa ríkissaksóknara. Hann mótmælti kröfunni. Endurrit úr sakadómsbókinni var sent Hæstarétti 12. s.m.

Að kvöldi 5. mars 1991 komu löggæslumenn að bifreiðinni Y-14418, þar sem hún stóð á Hraunbergi hér í borg. Varnaraðili sat undir stýri. Tjáði hann löggæslumönnum, að hann hefði verið að aka bifreiðinni um borgina sviptur ökuréttindum. Með varnaraðila í bifreiðinni var eigandi hennar, Jóhann Ragnar Sigurðsson, sem staðfesti frásögn varnaraðila. Við yfirheyrslu á lögreglustöðinni kvaðst varnaraðili hafa ekið bifreiðinni frá umferðarmiðstöðinni upp í Breiðholt.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðila frá 28. maí sl. hefur hann sætt viðurlögum fyrir brot gegn umferðarlögum svo sem hér greinir:

Hinn 14. nóvember 1985 dómsátt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Svipting ökuréttinda í 12 mánuði frá 24. september 1985.

Hinn 10. nóvember 1986 dómsátt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. sömu laga.

Hinn 27. janúar 1988 dómur fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sömu laga. Svipting ökuréttinda í 18 mánuði frá 24. september 1986.

Hinn 22. nóvember 1989 dómur fyrir brot m.a. gegn 2. mgr.,

sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Svipting ökuréttinda ævilangt.

Með broti því, sem mál þetta fjallar um, hefur varnaraðili oftlega gerst sekur um akstur vélknúins ökutækis sviptur ökuréttindum. Verður því eigi talið, að lagaskilyrði hafi verið til þess að ljúka máli þessu með dómsátt, heldur hafi það átt að ganga til dóms. Ber því samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að fella hina kærðu dómsátt úr gildi.

D ó m s o r ð:

Framangreind dómsátt er felld úr gildi.

Dómsátt sakadóms Akureyrar 24. maí 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 24. maí, var dómþing sakadóms Akureyrar háð í skrifstofu dómsins af Frey Ófeigssyni héraðsdómara. Fyrir var tekið mál nr. 91.927: Kæra á hendur Rúnari Ingva Eiríkssyni um umflbrot. Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1, rannsóknargögn, svohljóðandi:

Fyrir dómi er mættur kærði kl. 16.35, Rúnar Ingvi Eiríksson sjómaður, til heimilis að Norðurgötu 58, Akureyri, kt. 290168-3099, fæddur í Vestmannaeyjum.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74, 1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt.

Hann samþykkir að greiða kr. 25.000 í sekt til ríkissjóðs til að komast hjá málsókn út af brotinu, sem varðar við 48., sbr. 100. gr. umfl. nr. 50, 1987.

Sektin greiðist fyrir 1. júlí 1991, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í fimm daga.

Málskostnaður, kr. 1.000, greiðist á sama tíma.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. l. nr. 19, 1940.

Dómarinn lét málsókn falla niður.